

Environice
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23. jan. 2011 10.5.1
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2011
Tilvísun: UST20110100135/bs

Skútar - drög að tillögu að matsáætlun. Ábending

Í drögum að tillögu að matsáætlun segir m.a. á bls. 5: "Sveitarstjórn samþykkti tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um að áður útgefið rannsóknaleyfi vegna efnistöku í landi Skúta/Moldhauga verði framlengt til 30. júní 2012, þannig að heimilað heildarefnismagn verði 15.000 m³, sem er óbreytt frá fyrri leyfisveitingu."


Umhverfisstofnun vill benda á að útgáfa rannsóknaleyfa er ekki meðal hlutverka sveitarstjórna. Útgáfa slíkra leyfa er í höndum Iðnaðarráðuneytis skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Skv. 8. gr. sömu laga þarf ekki leyfi til að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.

Skv. 3. mgr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er eiganda og umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota. Ef um verulega framkvæmd er að ræða er því slíkt einungis heimilt að áður útgefna framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um framkvæmdaleyfis skylda efnistöku að ræða enda kemur fram í drögum að tillögu að matsáætlun að sótt hafi verið um framkvæmdaleyfi fyrir allt að 25.000 m³ efnistöku.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Hörgársveit